



Leiðbeiningar fyrir félög sem falla undir ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra



Reikningsskilaráð

1. útgáfa

2022

Inngangur

Leiðbeiningar þessar ná til upplýsinga í skýrslu stjórnar félaga sem falla undir ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga (hér eftir ÁRL). Þær endurspeglar afstöðu reikningsskilaráðs, að höfðu samráði við ársreikningaskrá ríkisskattstjóra og Félag löggiltra endurskoðenda (FLE), um bestu framkvæmd á framsetningu upplýsinga í skýrslu stjórnar. Í leiðbeiningunum er lögð sérstök áhersla á gæði þeirra upplýsinga sem stjórn skal fjalla um í skýrslu sinni og staðfesta. Leiðbeiningarnar eru ekki bindandi fyrir félög að öðru leyti en leiða má af ákvæðum viðeigandi laga og reglugerða.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð, skilum og birtingu ársreiknings fyrir hvert reikningsár, sbr. 3. gr. ÁRL. Ársreikningur skal hafa að geyma skýrslu stjórnar en í henni skal m.a. upplýsa um aðalstarfsemi og atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu. Í 65. gr. ÁRL koma fram grunnskilyrði sem öll félög þurfa að upplýsa um í skýrslu stjórnar. Meðalstór félög þurfa að uppfylla skilyrði 65. gr. og 66. gr. ÁRL auk ákvæða reglugerðar nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga (hér eftir RGÁ). Stór félög, einingar tengdar almannahagsmunum og móðurfélög stórra samstæðna, þurfa jafnframt að veita þær upplýsingar sem fjallað er um í ákvæðum 66. b. – 66. gr.e. ÁRL og RGÁ. Félög með skráð hlutabréf á skipulegum verðbréfamarkaði skulu ennfremur birta nákvæmar upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í 66. gr. a.

Með lögum nr. 102/2020 um gagnsæi í rekstri stærri kerfislægra mikilvægra fyrirtækja voru m.a. gerðar breytingar á VI. kafla ÁRL er lúta að upplýsingum í skýrslu stjórnar, nánar tiltekið 66. gr. – 66. gr. e. auk þess sem skilgreiningu á einingum tengdum almannahagsmunum var breytt og nú falla fleiri félög undir þá skilgreiningu en áður. Með lögnum voru m.a. skýrð ákvæði 66. gr. um upplýsingar sem eiga að gefa glögg yfirlit yfir árangur félags, stöðu þess og þróun ásamt lýsingu á megináhættu og óvissuþáttum. Þær upplýsingar eru mikilvægar fyrir haghafa sem meðal annars byggja á þeim við greiningar sínar og ákvarðanir og því er gerð krafa um að þær séu hluti af skýrslu stjórnar. Upplýsingar þessar í formi frásagnar (e. narrative reporting) ætti að veita út frá markmiðum og stefnu félagsins.

Upplýsingum í skýrslu stjórnar er almennt ætlað að styðja við og bæta við þær upplýsingar sem veittar eru annars staðar í ársreikningnum. Nánari leiðbeiningar en finna má í lögum um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga (hér eftir vísað til sem „RGÁ“) hefur fram til þessa ekki verið að finna hér á landi. Markmið með útgáfu þessara leiðbeininga er að bæta úr því. Leiðbeiningunum er ætlað að vera yfirlit yfir grunnkröfur laga og reglugerða á þessu sviði með ítarlegri leiðbeiningum um þau atriði sem huga þarf sérstaklega að.

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra – Leiðbeiningar

Leiðbeiningunum er skipt í eftirfarandi kafla:

Kafli 1. Stærðarmörk félaga

Kafli 2. Gæði upplýsinga í skýrslu stjórnar

Kafli 3. Grunnupplýsingar skv. 65. gr. ÁRL

Kafli 4. Viðbótarupplýsingar um árangur, áhættu og óvissuþætti

Kafli 5. Yfirlit yfir ófjárhagslegar upplýsingar

Kafli 6. Önnur atriði sem upplýsa skal um í skýrslu stjórnar

Kafli 7. Upplýsingar um stjórnarhætti og eftirlit

Kaflar 1-3 eiga við um lítil félög, kaflar 1-4 um meðalstór félög og kaflar 1-7 um stór félög, einingar tengdar almannahagsmunum og móðurfélög stórra samstæðna. Örfélög sem nýta sér lagaheimild til að semja rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit byggð á skattframtali félagsins í stað þess að gera ársreikning þurfa eðli máls samkvæmt ekki að fylgja þessum leiðbeiningum.

Í undirköflum leiðbeininganna er fjallað um einstök lagaákvæði og þau skýrð en leiðbeiningar eru settar fram í texta sem aðgreindur er með eftirfarandi hætti: ►

Í viðauka er að finna útskýringar á helstu hugtökum og skýringarmyndir.

Rétt er að vekja athygli á því að vísað er til hugtaksins ársreikningur í þessum leiðbeiningunum með sama hætti og gert er í 3. gr. ÁRL. Hugtakið ársreikningur nær þannig bæði til þess hluta ársreiknings sem áritun endurskoðanda eða skoðunarmanns beinist að og til upplýsinga í skýrslu stjórnar.

Leiðbeiningar þessar eru fyrir félög sem falla undir lög um ársreikninga. Eftir því sem við á eru þær einnig viðeigandi fyrir félög og félagasamtök sem falla undir önnur lög þar sem vísað er til ákvæða ársreikningalaga.

Reikningsskilaráð,

16. febrúar 2022

Jóhanna Á. Jónsdóttir, formaður

Elín Hanna Pétursdóttir

Signý Magnúsdóttir

Sigurjón G. Geirsson

Unnar Friðrik Pálsson

1. kafli

Stærðarmörk félaga

Um skýrslu stjórnar er fjallað í VI. kafla ÁRL. Í lögnum eru kröfur um upplýsingagjöf ríkari eftir því sem félög eru stærri og enn meiri ef félög flokkast sem einingar tengdar almannahagsmunum. Mestar kröfur eru gerðar til félaga með skráð hlutabréf.

Stærðarflokkun félaga og samstæðna er sett fram í 2. gr. ÁRL.

Fyrri taflan hér að neðan sýnir flokkun félaga miðað við þá grein. Miðað er við að félag uppfylli a.m.k. tvö af þremur skilyrðum. Stærðarmörk félaga breytast ekki nema félag annaðhvort fari yfir eða undir viðmiðunarmörk á viðkomandi reikningsári og síðastliðnu reikningsári.

Við mat á því hvaða upplýsingar skal veita í skýrslu stjórnar er nauðsynlegt að hafa í huga í hvaða stærðarflokk fyrirtækið fellur. Síðari taflan sýnir hvaða greinar laganna um skýrslu stjórnar gilda um hvern stærðarflokk.

Félag	Heildareignir	Hrein velta	Meðalfjöldi ársverka
Örfélag	≤ 20.000.000	≤ 40.000.000	≤ 3
Lítið félag	≤ 600.000.000	≤ 1.200.000.000	≤ 50
Meðalstórt félag	≤ 3.000.000.000	≤ 6.000.000.000	≤ 250
Stórt félag	> 3.000.000.000	> 6.000.000.000	> 250

Lög um ársreikninga nr. 3/2006	Lítill félög	Meðalstór félög	Stór félög	Móðurfélög stórra samstæðna	Einingar tengdar almannahagsmunum*	Félög með skráð hlutabréf**
65. gr.	X	X	X	X	X	X
66. gr.		X	X		X	X
66. gr. a						X
66. gr. b			X	X	X	X
66. gr. c			X	X	X	X
66. gr. d			X	X	X	X
66. gr. e***			X	X	X	X

*Þau félög sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum eru félög með skráð verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði, lífeyrissjóðir, lánastofnanir og váttryggingafélög auk eftirfarandi félaga ef þau teljast vera stór félög samkvæmt framangreindri flokkun: (a) stórnotandi, dreifiveita eða flutningsfyrirtæki samkvæmt skilgreiningum raforkulaga, sem og lögaðili sem starfrækir raforkuver/virkjun samkvæmt skilgreiningu raforkulaga, eða hitaveitu samkvæmt skilgreiningu orkulaga, (b) lögaðili sem hefur flugrekstrarleyfi samkvæmt lögum um loftferðir, (c) lögaðili sem á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands sem og lögaðili sem hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fiskeldi, (d) lögaðili sem hefur leyfi til rekstrar fjarskiptanets samkvæmt lögum um fjarskipti og (e) lögaðili sem sinnir farmflutningum samkvæmt siglingalögum.

** Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum markaði í ríki innan EES, í EFTA eða í Færeyjum er jafnframt eining tengd almannahagsmunum.

*** Þessi grein fjallar um skýrslu um greiðslur til stjórnvalda sem tiltekin félög þurfa að veita ef þau stunda starfsemi í námuiðnaði eða við skógarhögg.

2. kafli

Gæði upplýsinga í skýrslu stjórnar

Upplýsingum í skýrslu stjórnar er ætlað að styðja og bæta við þær upplýsingar sem veittar eru annars staðar í ársreikningnum. Í þessum kafla er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til upplýsinga sem veittar eru í skýrslu stjórnar.

2.1 Miða skal við þarfir notenda ársreikningsins þegar metið er hvaða upplýsingar nauðsynlegt er að veita í skýrslu stjórnar.

- ▶ Upplýsingum í skýrslu stjórnar er m.a. ætlað að styðja og bæta við þær upplýsingar sem finna má í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi og skýringum með ársreikningi og ef við á sjóðstreymis- og eiginfjárfirliti. Við mat á því hvaða upplýsingar þarf að veita í skýrslu stjórnar skal það gert með tilliti til þarfa notenda ársreiknings og með hliðsjón af forspárgildi upplýsinga.
- ▶ Upplýsingar í ársreikningi eru mikilvægar ef það að þeim sé sleppt eða þær séu rangar getur haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur reikningsskilanna kunna að taka á grundvelli þeirra
- ▶ Upplýsingar í skýrslu stjórnar ættu að vera skiljanlegar, sannreynanlegar og settar fram með hnitmiðuðum og hlutlausum hætti. Upplýsingar teljast sannreynanlegar ef sambærileg niðurstaða fengist þótt tveir eða fleiri aðilar fengjust við að vinna úr sömu upplýsingum, sem þýðir samt ekki að nákvæmlega sama niðurstaðan fengist.
- ▶ Upplýsingar í skýrslu stjórnar teljast vera skiljanlegar ef þær eru settar fram með þeim hætti að þær geta komið að gagni við efnahagslega ákvörðun aðila um málefni þeirrar rekstrareiningar sem reikningsskilin taka til. Forðast ætti að fjalla þar um atriði sem ekki teljast vera mikilvæg og sem draga úr skiljanleika mikilvægra upplýsinga.
- ▶ Hnitmiðaðar upplýsingar eru upplýsingar sem með skýrum hætti veita lesanda góða innsýn í það sem fjallað er um.
- ▶ Upplýsingar teljast hlutlausar þegar sá sem upplýsingar setur fram hefur við framsetningu ekki reynt að beita áhrifum sínum til að ná fyrirfram ákveðinni niðurstöðu eða til að kalla fram tiltekin viðbrögð af hálfu notenda reikningsskilanna. Í þessu felst m.a. að til jafns er fjallað um atriði sem teljast jákvæð og þau sem teljast neikvæð.

2.2 Stjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn og ef um er að ræða móðurfélag skulu þau einnig undirrita samstæðureikninginn.

3. mgr. 3. gr. ÁRL

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra – Leiðbeiningar

- ▶ Sem ábyrgðaraðilar stjórnarhátta félagsins og með hliðsjón af umboðsskyldu bera stjórn og framkvæmdastjóri ábyrgð á gæðum þeirra upplýsinga sem veittar eru í ársreikningi, þ.m.t. gæðum þeirra upplýsinga sem veittar eru í skýrslu stjórnar.

2.3 Hversu ítarlegar upplýsingar þarf að veita í skýrslu stjórnar ræðst m.a. af því hversu margbrotin starfsemi félags er, umfangi rekstrar og stærð viðkomandi félags.

8. gr. RGÁ

- ▶ Í tilviki stóra félaga, eininga tengdum almannahagsmunum og móðurfélaga stórra samstæðna ætti að leggja sérstaka áherslu á þarfir ólíkra notenda þegar metið er hvaða upplýsingar eru veittar m.t.t þess að upplýsingagjöf sé fullnægjandi.
- ▶ Leggja ber áherslu á umfjöllun um mikilvæg atriði í skýrslu stjórnar og huga vel að heildarsamhengi þeirra upplýsinga sem þar skal veita.

2.4 Í þeim tilfellum þar sem upplýsingar þær sem veita skal, þannig að glögggt yfirlit náist, eru hluti af annarri upplýsingagjöf stjórnenda skal í skýrslu stjórnar vísa til upplýsinganna með þeim hætti að ótvírætt sé að þær teljist í skilningi laga hluti af skýrslu stjórnar í ársreikningi.

- ▶ Í reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga miðast ákvæði 9. gr. við félög sem gefið hafa út verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. þágildandi 66. gr. b ÁRL. Með breytingu sem gerð var á lögum um ársreikninga með lögum nr. 102/2020 nær 66. gr. b nú til fleiri félaga.
- ▶ Í tilviki stóra félaga, eininga tengdum almannahagsmunum og móðurfélaga stórra samstæðna er í upplýsingum sem liggja utan ársreiknings, s.s. í árs- og samfélagsskýrslum, oft að finna ítarlegri umfjöllun um atriði sem fjalla skal um í skýrslu stjórnar. Til að tryggja að umfjöllun í skýrslu stjórnar gefi glögggt yfirlit yfir þau atriði sem fjalla skal þar um getur verið viðeigandi að vísa til nánar tilgreindra upplýsinga stjórnenda sem finna má í árs- og samfélagsskýrslum. Sé þessi leið farin skal stjórn staðfesta viðkomandi upplýsingar með skýrri tilvísun til þeirra tilteknu upplýsinga sem staðfestingin nær til. Skal viðkomandi upplýsingum þá jafnframt skilað til ársreikningaskrár sem hluti af upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar.

Dæmi um þetta gæti verið að í skýrslu stjórnar sé vísað til nánari umfjöllunar sem telst mikilvæg um viðskiptalíkan félagsins á blaðsíðum X-Y í ársskýrslu. Skal þeim tilteknu upplýsingum, sem vísað er til í skýrslu stjórnar og stjórn staðfestir, þá skilað til ársreikningaskrár.

3. kafli

Grunnupplýsingar skv. 65. gr. ÁRL

Efni þessa kafla byggir á ákvæðum 65. gr. ÁRL sem gildir fyrir öll félög sem falla undir lög um ársreikninga fyrir utan örfélög ef þau kjósa að nýta sér „hnappinn“ og gera því ekki ársreikning.

3.1 Við mat á því hversu viðamikil upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar skal vera, í samræmi við ákvæði þessa kafla, þarf að hafa í huga hugtakið glögg mynd eins og það er skilgreint í ársreikningalögum.

Í 20. tl. 2. gr. ÁRL segir:

Glögg mynd felst í áreiðanlegri framsetningu á áhrifum viðskipta, öðrum atburðum og skilyrðum í samræmi við skilgreiningar og reglur um skráningu eigna, skulda, tekna og gjalda sem fram koma í lögum þessum, reglugerðum og settum reikningsskilareglum.

Í 5. gr. ÁRL segir:

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.

Ef ákvæði laga þessara nægja ekki til að gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé skal félagið veita viðbótarupplýsingar svo að reikningurinn gefi glögga mynd.

- ▶ Það er hlutverk og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra að tryggja að ársreikningurinn sem heild gefi glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.
- ▶ Í sumum tilvikum gæti þurft að ganga lengra í upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar en gerð er krafa um með beinum hætti í lögnum. Til dæmis kynni lítið félag að þurfa að veita frekari upplýsingar í skýrslu stjórnar en krafist er samkvæmt 65. gr. laganna ef það er nauðsynlegt til að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.

3.2 Upplýsa skal um aðalstarfsemi félagsins.

1. tölul. 1. mgr. 65. gr. ÁRL

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra – Leiðbeiningar

- ▶ Yfirlit yfir aðalstarfsemi félagsins er gott að veita með því að lýsa með hnitmiðuðum hætti hver starfsemi félagsins er, hvar hún fer fram og á hvaða mörkuðum félagið starfar.
- ▶ Tilgangur með upplýsingajöf um aðalstarfsemi er að upplýsa notendur reikningsskilanna um hvernig félagið myndar tekjur og hvert rekstrarumhverfi þess er.
- ▶ Með aðalstarfsemi er átt við í hverju starfsemi félagsins felst í raun og veru en ekki einvörðungu hver tilgangur þess er samkvæmt ÍSAT-flokkun eða samþykktum félagsins.
- ▶ Hversu ítarlegar upplýsingar eru veittar ræðst m.a.af því hversu margbrotin starfsemin er, umfangi rekstrar og stærð viðkomandi félags.

3.3 Upplýsa skal um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim.

2. tölul. 1. mgr. 65. gr. ÁRL

- ▶ Dæmi um þetta gætu verið áskoranir sem félag stendur frammi fyrir vegna langtímafjármögnunar. Einnig ef afkoma félags á reikningsárinu markast af óvenjulegum og/eða verulegum liðum sem ekki hefur verið gerð grein fyrir í skýringum með ársreikningi, svo sem verulegar sveiflur í söluverðum, verð aðfanga eða verulegar sveiflur í gengi gjaldmiðla sem hefur mikil áhrif á tekjur og/eða kostnað félagsins.
- ▶ Annað dæmi gæti verið ef félag býr yfir verulegum óefnislegum verðmætum sem ekki er fjallað um annars staðar í ársreikningi. Dæmi um það geta verið mikilvæg hugverkaréttindi og vörumerki sem ekki eru færð til eignar eða úthlutaðar en ófærðar aflaheimildir.
- ▶ Það er þó meginregla að mikilvæg atriði um fjárhagslega stöðu og afkomu félags skulu koma fram í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi eða skýringum með þeim og ef við á að vísað sé til þeirra í skýrslu stjórnar.

3.4 Upplýsa skal um mögulega óvissu við mat eða óvenjulegar aðstæður sem kunna að hafa áhrif á félagið og, eftir því sem við á, tilgreina fjárhæðir.

3. tölul. 1. mgr. 65. gr. ÁRL

- ▶ Áhrif heimsfaraldurs er dæmi um óvenjulegar aðstæður sem gætu hafa leitt til þess að afkoma félagsins var mun betri eða verri en ella hefði orðið. Í þess háttar tilvikum væri nauðsynlegt að fjalla um það svo notendum reikningsskilanna sé ljóst að afkoma ársins hafi verið óvenjuleg og ekki endilega lýsandi fyrir vænta afkomu félagsins í framtíðinni. Aflabrestur eða óvænt verðfall/aðfangaskortur á mörkuðum gæti einnig verið dæmi um óvenjulegar aðstæður.

3.5 Upplýsa skal um þróunina í starfsemi félagsins og fjárhagslegri stöðu þess.

4. tölul. 1. mgr. 65. gr. ÁRL

- ▶ Í upplýsingagjöf um þróun í starfsemi félagsins og fjárhagslegri stöðu þess getur verið gagnlegt að upplýsa um rekstrartekjur félagsins, afkomu ársins og eigið fé í árslok fyrir bæði núverandi rekstrarár og samanburðarár.
- ▶ Ef tekjur félagsins eða afkoma hafa breyst verulega milli ára ætti að upplýsa um ástæður þess, sé hægt að skýra þær sveiflur. Dæmi um það gæti verið verulegar breytingar á umfangi rekstrar milli ára, svo sem að félagið hafi opnað nýjar starfsstöðvar, innleitt nýja starfsemi eða lagt niður tiltekna starfsemi.
- ▶ Sem dæmi um þróun í fjárhagslegri stöðu sem fjalla ætti um má nefna (a) hlutafjárukningu, (b) nýjar lántökur á árinu ef þær eru verulegar, (c) fjárhagslega endurskipulagningu eða (d) verulegar fjárfestingar. Vel getur farið á því að fjalla með hnitmiðuðum hætti um slík atriði í skýrslu stjórnar með vísan til nánari umfjöllunar í viðeigandi skýringar í ársreikningi.

3.6 Upplýsa skal um markverða atburði sem hafa gerst eftir að reikningsárinu lauk.

5. tölul. 1. mgr. 65. gr. ÁRL

- ▶ Sem dæmi um markverða atburði eftir lok reikningsárs sem viðeigandi væri að fjalla um má m.a. nefna (a) lyktir málaferla, (b) verulegar fjárfestingar eða sölu eigna, (c) ákvarðanir um að leggja af tiltekna starfsemi félagsins og (d) kaup á dóttur- eða hlutdeildarfélagum.

3.7 Upplýsa skal um fjölda ársverka á reikningsári.

6. tölul. 1. mgr. 65. gr. ÁRL

- ▶ Ársverk er skilgreint í 3. tölul. 2. gr. ÁRL sem jafngildi vinnuframlags eins manns í fullu starfi í eitt ár. Vinna þeirra sem ekki störfuðu allt árið, vinna þeirra sem voru í hlutastarfi, óháð tímalengd, og vinna árstíðabundinna starfsmanna reiknast sem brot af ársverki.
- ▶ Í greininni kemur fram að til starfsmanna teljist: (a) starfsmenn og (b) eigendur og/eða framkvæmdastjórnar sem starfa hjá félaginu.
- ▶ Loks kemur fram að lærlingar eða iðnnemar sem eru í námi eða starfsþjálfun samkvæmt samningi og starfa ekki gegn endurgjaldi teljist ekki til starfsmanna og að sama eigi við um starfsmenn sem eru í fæðingarorlofi og foreldraorlofi.
- ▶ Í lögum um ársreikninga segir með skýrum hætti að upplýsa skuli um fjölda ársverka í skýrslu stjórnar. Samkvæmt 58. gr. ÁRL skal einnig upplýsa um fjölda ársverka í skýringarhluta ársreiknings. Í þessu tilviki er viðeigandi að vísa í skýringuna úr skýrslu stjórnar.

3.8 Tillaga stjórnar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á síðasta reikningsári.

2. mgr. 65. gr. ÁRL

- ▶ Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 1. mgr. 76. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.
- ▶ Upplýsingar um fjárhæð fyrirhugaðrar arðgreiðslu eru mikilvægar fyrir notendur reikningsskilanna og því er nauðsynlegt að greina frá fjárhæð arðgreiðslu sem stjórn leggur til eða að stjórn leggi til að ekki verði greiddur arður.

3.9 Upplýsa skal um fjölda hluthafa í hlutafélagi og einkahlutafélagi í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýsa um að lágmarki tíu stærstu hluthafa eða alla ef hluthafar eru færri en tíu, og hundraðshluta hlutfjár hvers þeirra í lok ársins. Hafi orðið breytingar á atkvæðahlutdeild á reikningsárinu skal þeirra getið sérstaklega.

3. mgr. 65. gr. ÁRL

3.10 Í samvinnufélögum skal upplýsa um fjölda félagsaðila í upphafi og lok reikningsárs og fjölda eigenda að B-hluta stofnsjóðs ef stofnsjóður samvinnufélaga er þannig tvískiptur. Ef atkvæðagildi félagsaðila er mismunandi skal það skýrt. Í sameignarfélögum og samlagsfélögum skal upplýsa um eigendur og eignarhluta þeirra í upphafi og lok reikningsárs.

4. mgr. 65. gr. ÁRL

3.11 Í skýrslu stjórnar opinberra hlutafélaga og hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal upplýsa um hlutföll kynjanna í stjórn.

6. mgr. 65. gr. ÁRL

- ▶ Í 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og 39. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög segir að í skýrslu stjórnar í ársreikningi skuli sundurliða upplýsingar um hlutföll kynja í stjórn.
 - Þegar stjórnarmenn eru tveir eða þrír í félagi þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í slíkum félögum skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%.
 - Þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal jafnframt sundurliða í skýrslu stjórnar upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

3.12 Eigi félag eigin hluti skal gera grein fyrir fjölda þeirra og nafnverði. Hafi félagið aflað eða látið af hendi eigin hluti á reikningsárinu skal jafnframt greina frá ástæðu þess að hlutanna var aflað eða þeir látnir af hendi og fjölda og nafnverði þeirra hluta sem félagið aflaði eða lét af hendi ásamt upplýsingum um endurgjald hlutanna.

7. mgr. 65. gr. ÁRL

- ▶ Samkvæmt V. kafla ÁRL skal í skýringum fjalla um meira og minna sömu atriði og hér eru talin upp, sbr. 60. gr. laganna. Til að forðast tvítekningu sömu upplýsinga gæti verið viðeigandi að fjalla eingöngu stuttlega um fyrrgreind atriði í skýrslu stjórnar en vísa til viðeigandi skýringa(r) í ársreikningi um nánari umfjöllun og upplýsingar.

3.13 Leiki vafi á rekstrarhæfi skal gera grein fyrir því í skýrslu stjórnar.

8. mgr. 65. gr. ÁRL

- ▶ Viðvarandi taprekstur og/eða neikvætt eigið fé í árslok væri dæmi um aðstæður sem myndu kalla á að fjallað yrði um rekstrarhæfi. Sama gildir ef lánaskilmálar eru ekki uppfylltir í árslok.
- ▶ Ef stjórnendur telja að félag sé rekstrarhæft þrátt fyrir slæma fjárhagsstöðu er nauðsynlegt að fjallað sé um af hverju þeir telja svo vera.
- ▶ Neikvæðir atburðir eftir lok reikningsskiladags gætu leitt til þess að rekstrarhæfi sé ógnað, jafnvel þó afkoma ársins hafi verið góð. Sem dæmi um slíkt má nefna heimsfaraldur eftir lok reikningsskiladags eða að lánaskilmálar séu ekki lengur uppfylltir.

3.14 Í skýrslu stjórnar með ársreikningi móðurfélags skal veita upplýsingar um samstæðuna í heild.

5. mgr. 65. gr. ÁRL

- ▶ Í lögunum kemur ekki fram hvaða upplýsingar skuli veita um samstæðuna í heild sinni eða hversu langt skuli ganga í upplýsingagjöfni en í því samhengi er mikilvægt að horfa til þess hvernig samstæðan er uppbyggð og hversu umfangsmikill rekstur og/eða efnahagur móðurfélagsins er af samstæðunni.
- ▶ Í ársreikningi móðurfélags mætti gera grein fyrir upplýsingum er varða þróun og stöðu á einstökum mörkuðum eða atvinnugreinum þar sem samstæðan starfar og, ef við á, fjalla um rekstur og þróun einstakra dótturfélaga miðað við mikilvægi þeirra fyrir samstæðuna í heild.
- ▶ Í skýrslu stjórnar í ársreikningi móðurfélags væri viðeigandi að greina frá verulegum breytingum í skipulagi samstæðunnar, s.s. samrunum, skiptingum, fjármögnun innan samstæðu og þess háttar.

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra – Leiðbeiningar

- ▶ Ef móðurfélag gerir einnig samstæðureikning fyrir sig og dótturfélög sín gæti verið nægjanlegt að greina einungis stuttlega frá þróun og stöðu samstæðunnar í heild í skýrslu stjórnar í ársreikningi móðurfélagsins en vísa til skýrslu stjórnar í samstæðuársreikningnum um nánari upplýsingar. Í þeim tilfellum þar sem móðurfélagið er einungis fjárfestingafélag getur einnig verið viðeigandi að skýrsla stjórnar innihaldi að miklu leyti til sömu upplýsingar og er að finna í skýrslu stjórnar með samstæðuársreikningi.
- ▶ Geri móðurfélag ekki samstæðuársreikning væri viðeigandi í skýrslu stjórnar í ársreikningi móðurfélagsins að veita ítarlegri upplýsingar en annars yrði gert, svo sem að greina frá þróun og stöðu starfsemi samstæðunnar á ítarlegan hátt.

4. kafli

Viðbótarupplýsingar um árangur, áhættu og óvissuþætti

Efni þessa kafla byggir á ákvæðum 66. gr. ársreikningalaga um upplýsingar í skýrslu stjórnar, til viðbótar við upplýsingar skv. 65. gr., sem veita skulu glögg yfirlit yfir árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og þróun ásamt lýsingu á megináhættu og óvissuþáttum sem það stendur frammi fyrir. Upplýsingar þessar eru mikilvægar fyrir haghafa sem byggja á þeim við greiningar sínar og ákvarðanir. Þess vegna er gerð krafa að um þær sé fjallað og þær staðfestar í skýrslu stjórnar.

Meðalstór félög skulu uppfylla öll ákvæði þessa kafla nema annað sé tekið fram. Stór félög, einingar tengdar almannahagsmunum og móðurfélög stórra samstæðna skulu uppfylla ákvæði þessa kafla auk kafla 5 til 7 nema annað sé tekið fram.

4.1 Í skýrslu stjórnar skal veita glögg yfirlit yfir árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og þróun.

Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að skilja þróun og árangur í starfsemi félagsins skal yfirlitið fela í sér lykilsýsbenda um fjárhagslegan árangur og, ef við á, um ófjárhagsleg atriði sem gætu t.d. tengt starfsmannamálum, þekkingarforða og óefnislegum eignum.

*1. mgr. 66. gr. ÁRL
8. gr. RGÁ*

- ▶ Glögg yfirlit yfir árangur er veitt með því að gera grein fyrir mikilvægum þáttum sem varða árangur af starfsemi félagsins, þróun og stöðu þeirra þátta sem starfsemin byggir á. Einnig skal lýsa megináhættu og óvissuþáttum sem starfsemin stendur frammi fyrir. Upplýsingar þessar ætti að veita með hliðsjón af stefnu félagsins og markmiðum með vísan til lykilmælikvarða og annarra viðeigandi árangursvísa eftir því sem við á.
- ▶ Dæmi um árangursvísa eru mælingar á ánægju starfsmanna og viðskiptavina félagsins, mælikvarðar sem varða gæði vöru og þjónustu þess, markaðshlutdeild og starfsmannaveltu. Þá getur verið viðeigandi að veita upplýsingar um árangur og framtíðarhorfur einstakra starfsþátta og markaðssvæða ef slíkar upplýsingar eru mikilvægar og þær ekki að finna í skýringum með ársreikningi. Dæmi um þetta er pantanastaða hjá framleiðslufyrirtæki eða bókunarstaða hjá ferðaþjónustufyrirtæki. Hversu ítarlegar upplýsingar eru veittar ræðst af stærð og umfangi starfsemi félags.
- ▶ Í tilviki félaga með skráð verðbréf væri einnig gagnlegt að fjalla um lykilmælikvarða félagsins sem byggja á reikningsskilum þess og, ef við á, setja fram viðbótar árangursmælikvarða (APMs). Sem dæmi um upplýsingar má nefna EBITDA, veltufjárlutfall og aðrar kennitölur. Gæta þarf að samkvæmni og samfellu upplýsinga við upplýsingar sem veittar hafa verið opinberlega, t.d. í nýlegum útboðslýsingum. Við mat á því hvaða upplýsingar eru veittar er

viðeigandi að taka mið af þörfum fjármagnsveitenda og annarra haghafa sem vilja nýta aðferðafræði grunngreininga við mat á stöðu og langtímahorfum í rekstri félaga.

4.2 Í umfjöllun um ófjárhagslegan árangur skal upplýsa um umhverfis- og starfsmannamál og þekkingarforða félagsins ef hann skiptir verulegu máli fyrir tekjuöflun í framtíðinni. Jafnframt skal veita upplýsingar um rannsóknar- og þróunarstarfsemi þegar slík starfsemi skiptir verulegu máli fyrir rekstur félagsins.

Heimilt er að veita upplýsingar um rannsóknar- og þróunarstarfsemi í skýringum með ársreikningi í stað skýrslu stjórnar enda sé tilgreint í skýrslu stjórnar hvaða þættir sæti umfjöllun í skýringum með ársreikningi ásamt vísunum til viðeigandi skýringarliða.

*2. og 4. tölul. 2. mgr. 66. gr. ÁRL
8. gr. RGÁ
3. mgr. 66. gr. ÁRL*

- ▶ Í þessu sambandi er viðeigandi að fjalla um stöðu mikilvægra verkefna sem ráðist hefur verið í á tímabilinu til að viðhalda eða auka hæfi félagsins til að afla tekna eða skapa verðmæti. Verkefni þessi geta t.d. tengst starfsmannamálum, sérhæfingu og hugverkarétti, innviðum, óefnislegum eignum, markaðsmálum, tæknibreytingum eða vöruþróun. Einnig upplýsingar um árangur mikilvægra verkefna sem ráðist hefur verið í og tengjast áhrifum starfseminnar á umhverfi eða samfélag.
- ▶ Hafi félag sett sér árangursmarkmið tengd ofangreindum liðum er rétt að fjalla um árangur félagsins og stöðu þess ef hann skiptir verulegu máli fyrir tekjuöflun í framtíðinni.
- ▶ Upplýsingar um umhverfis- og starfsmannamál þarf ekki að veita á grundvelli þessa ákvæðis séu sambærilegar upplýsingar veittar á grundvelli ákvæðis 66. gr. d. um ófjárhagslegar upplýsingar.

4.3 Í skýrslu stjórnar skal eftir því sem við á fjalla um áhrif ytra umhverfis á félagið og ráðstafanir sem hindra, draga úr eða bæta tjón sem það verður fyrir.

*1. tölul. 2. mgr. 66. gr. ÁRL
8. gr. RGÁ*

- ▶ Í umfjöllun um áhrif ytri þátta á starfsemi félagsins ætti að leggja áherslu á þá þætti í þróun ytra umhverfis sem mestu máli skipta fyrir starfsemi félagsins í bráð og lengd og um stöðu þess í því ljósi. Tengja mætti þessa umfjöllun við lýsingu á megináhættu- og óvissuþáttum sem starfsemin stendur frammi fyrir, eftir því sem við á. Huga þarf að heildarsamhengi þeirra upplýsinga sem veittar eru.
- ▶ Með ytra umhverfi í þessu samhengi er eðlilegt að horfa t.d. til þróunar í efnahagsmálum, tækni- og samkeppnisumhverfis og eftir því sem við á umhverfis- og samfélagsþátta, s.s. tengdum loftslagsbreytingum. Umfjöllunin ætti almennt að miðast við þá þætti í ytra umhverfi

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra – Leiðbeiningar

félagsins sem veruleg áhrif gætu haft á starfsemi þess í bráð og lengd, umfram það sem almennt mætti telja.

- ▶ Dæmi um ytri aðstæður sem geta haft áhrif á starfsemi og stöðu félags eru m.a. breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi sem varða starfsemina, tækniþróun, aðfangaskort, aflabrest eða aðra markaðstengda þætti.
- ▶ Áhrif af heimsfaraldri er einnig dæmi um ytri aðstæður sem áhrif geta haft á starfsemi og stöðu félags og fjalla ætti um í skýrslu stjórnar.

4.4 Í skýrslu stjórnar skal vera lýsing á megináhættu og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

*1. mgr. 66. gr. ÁRL
8. gr. RGÁ*

- ▶ Upplýsingar um megináhættu og óvissuþætti eru mikilvægar fyrir fjármagnsveitendur og aðra notendur ársreiknings. Upplýsingagjöfin ætti því að byggja á þeim stjórnunar- og eftirlitsferlum sem tryggja að megináhætta og óvissuþættir sem starfsemin stendur frammi fyrir séu greindir. Reglubundið mat stjórnenda og/eða stjórnar á áhættu og stöðu eftirlits er dæmi um slíkan eftirlitsferil.
- ▶ Megináhætta er áhættuþættir sem einir og sér eða til samans geta haft veruleg áhrif á starfsemi félagsins, ógnað orðspori eða viðskiptalíkani þess, gjaldhæfi eða möguleikum til fjármögnunar.
- ▶ Mat á megináhættu og óvissuþáttum ætti að taka mið af stefnu félagsins og markmiðum. Matið ætti að ná til þeirra ólíku virðisþátta sem starfsemin byggir á og þeirra ytri þátta sem áhrif geta haft á starfsemi þess í bráð og lengd. Hversu ítarlegar upplýsingar eru gefnar í skýrslu stjórnar ræðst af því hversu margbrotin starfsemi félags er, umfangi rekstrar og stærð viðkomandi félaga.
- ▶ Dæmi um upplýsingar um megináhættu og óvissuþætti er að fjallað sé um það hvernig félag tekst á við breytt samkeppnisumhverfi eða kröfur viðskiptavina, áskoranir við vöruþróun, netöryggisáhættu, óvissu í innkaupsverði aðfanga, gengi gjaldmiðla eða áhrifa af breytingum á löggjöf eða reglugerðarumhverfi sem snerta starfsemina.
- ▶ Ennfremur gæti verið viðeigandi að fjalla um megináhættu og óvissuþætti sem varða stefnumið félagsins. Þetta getur m.a. tengst ákvörðunum um að fara inn á nýja markaði, áskorunum tengdum mannauði og að viðhalda nauðsynlegri þekkingu og sérhæfingu ef þessar upplýsingar eru taldar mikilvægar fyrir notendur ársreiknings. Annað dæmi gæti verið umfjöllun um áskoranir félagsins tengt aukinni umhverfisvitund viðskiptavina. Í umfjölluninni væri auk þess viðeigandi að fjalla um hvernig félagið hefur brugðist við þessum áhættu- og óvissuþáttum, eftir því sem við á.

4.5 Hjá félögum þar sem eignarhald eða notkun fjármálagerninga skiptir verulegu máli við mat á eignum, skuldum, fjárhagsstöðu, hagnaði eða tapi skal gera grein fyrir:

- Meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu og upplýsa skal hvernig mat á einstökum liðum í reikningsskilum byggist á slíkri markmiðssetningu í áhættustýringu.
- Þeim áhættuþáttum sem máli geta skipt við mat á eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu og gera skal grein fyrir markaðsáhættu, þ.e. vaxta-, gjaldeyris- og hlutabréfaáhættu, sem og útlána-, fjármögnunar- og lausafjárahættu í rekstri félagsins.

5. tölul. 2. mgr. 66. gr. ÁRL

- ▶ Fjalla skal um þessi atriði bæði í tölum og texta, eftir því sem við á, í samræmi við settar reikningsskilareglur og að teknu tilliti til stærðar og umfangs viðkomandi félags.
- ▶ Með eignarhaldi og notkun fjármálagerninga sem skipta verulegu máli í þessu samhengi ætti að horfa til skilgreininga á því hvaða upplýsingar eru mikilvægar fyrir notendur ársreiknings.

Heimilt er að veita framangreindar upplýsingar í skýringum með ársreikningi í stað skýrslu stjórnar enda sé tilgreint í skýrslu stjórnar hvaða þættir sæti umfjöllun í skýringum með ársreikningi ásamt vísunum til viðeigandi skýringarliða.

3. mgr. 66. gr. ÁRL

4.6 Skýrsla stjórnar skal, eftir því sem við á, hafa að geyma tilvísanir til fjárhæða sem settar eru fram í ársreikningi og frekari skýringar á þeim.

1. mgr. 66. gr. ÁRL

4.7 Í skýrslu stjórnar skal upplýsa um tilvist erlendra útibúa ef við á.

3. tölul. 2. mgr. 66. gr. ÁRL

Heimilt er að veita þessar upplýsingar í skýringum með ársreikningi í stað skýrslu stjórnar enda sé tilgreint í skýrslu stjórnar hvaða þættir sæti umfjöllun í skýringum með ársreikningi ásamt vísunum til viðeigandi skýringarliða.

3. mgr. 66. gr. ÁRL

4.8 Félög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, í EFTA eða í Færeyjum skulu gera grein fyrir samanburði á raunverulegri afkomu félagsins og rekstraráætlun þess hafi hún verið birt opinberlega, ásamt skýringum á helstu frávikum.

4. mgr. 66 gr. ÁRL

5. kafli

Yfirlit yfir ófjárhagslegar upplýsingar

Efni þessa kafla byggir á ákvæðum 66. gr. d. um ófjárhagslegar upplýsingar sem stór félög, einingar tengdar almannahagsmunum og móðurfélög stórra samstæðna, skulu veita í yfirliti með skýrslu stjórnar.

Upplýsingagjöf sem fjallað er um í þessum kafla er til viðbótar við kröfur um upplýsingagjöf um ófjárhagsleg atriði sem fjallað er um í 4. kafla, en almennt er nú vísað til þessa sem upplýsinga um sjálfbærni (e. sustainability reporting).

- 5.1 Stór félög, einingar tengdar almannahagsmunum og móðurfélög stórra samstæðna skulu láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins. Að lágmarki skal fjalla um umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál og gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.**

Yfirlitið skal enn fremur innihalda eftirfarandi:

- Lýsingu á stefnu félagsins í tengslum við mál samkvæmt þessari grein ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleikakönnunarferli félagið framfylgir.
- Yfirlit yfir árangur af stefnu félagsins í málum samkvæmt þessari grein.

Ef félagið hefur ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt þessari grein skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu.

Í yfirlitinu skulu einnig, þar sem við á, koma fram frekari skýringar varðandi upphæðir sem greint er frá í ársreikningi.

66. gr. d. ÁRL

- ▶ Upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins ætti að veita með hliðsjón af stefnu félagsins, markmiðum og með vísan til viðskiptalíkans þess, eftir því sem við á.
- ▶ Í skýrslu stjórnar skal fjalla um þau atriði sem teljast mikilvæg fyrir notendur ársreiknings. Upplýsingar sem veittar eru í árs- eða samfélagsskýrslu viðkomandi félags koma ekki í stað þeirra upplýsinga sem veita skal í skýrslu stjórnar. Hversu ítarlegar upplýsingar eru veittar í skýrslu stjórnar ræðst af því hversu margbrotin starfsemi félagsins er, umfangi rekstrar og stærð viðkomandi félags.

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra – Leiðbeiningar

- ▶ Að lágmarki og óháð mati á mikilvægi fyrir starfsemi félagsins skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.
- ▶ Í umfjöllun um stefnu félagsins í umhverfis-, samfélags- og starfsmannamálum getur verið viðeigandi að fjalla um hvort og þá hvernig stefnur á þessu sviði hafa verið samþættar við aðrar stefnur félagsins, markmið þess og stjórnarhætti. Ef stefnur félagsins eða verkefni sem ráðist hefur verið í á þessu sviði tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun getur verið viðeigandi að fjalla einnig sérstaklega um það.
- ▶ Í umfjöllun um árangur af stefnu félagsins í málum samkvæmt þessari grein er viðeigandi að fjalla um umbótaverkefni sem ráðist hefur verið í tengt umhverfis-, samfélags- og starfsmannamálum.
- ▶ Lýsing á áreiðanleikakönnunarferli ætti að taka bæði til i) stjórnarháttar og innri verkferla sem innleiddir hafa verið til að tryggja að stefnu félagsins og markmiðum í þessum málum sé náð, ii) og ef við á, ytri verkferla (staðfestingar/vottanir/áritanir).
- ▶ Innri verkferlar félagsins, lykilmælikvarðar og stjórnarhættir á sviði samfélags- og umhverfismála gætu t.d. verið byggðir á alþjóðlegum viðmiðum á þessu sviði. Upplýsa ætti um slíkt ef við á. Dæmi um slík viðmið eru leiðbeiningar frá Global Reporting Initiative (GRI) leiðbeiningar Nasdaq (ESG Reporting Guide), staðlar Sustainability Accounting Standards Board (SASB) o.s.frv.
- ▶ Ef mat á umhverfisáhrifum félags er byggt á viðurkenndum aðferðum eða stöðlum á þessu sviði ætti að fjalla um það.
- ▶ Þegar félag gerir samstæðureikning er nægilegt að upplýsingarnar sem fjallað er um í þessari grein nái eingöngu til samstæðunnar. Dótturfélag þeirrar samstæðu er undanþegið upplýsingagjöfni enda komi þessar upplýsingar fram í skýrslu stjórnar í samstæðureikningi móðurfélags og dótturfélaga þess.

5.2 Í skýrslu stjórnar skal birta ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi félag.

66. gr. d. ÁRL

- ▶ Dæmi um ófjárhagslega lykilmælikvarða sem tengjast umhverfis- og samfélags- og starfsmannamálum eru mælingar á kolefnisfótspori starfseminnar, launamuni kynja og kynjafjölbreyttni, starfsmannaveltu, vinnuslysátíðni, starfsánægju og þjálfun starfsmanna.
- ▶ Dæmi um aðra almenna ófjárhagslega lykilmælikvarða sem viðeigandi getur verið að fjalla um og birta eru mælingar á þróun ánægju viðskiptavina, hlutfall nýrra viðskiptavina, mælingar á vörumerkjavitund og mælingar á gæðum vöru og þjónustu og framleiðni.

5.3 Í yfirliti með skýrslu stjórnar skal veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta áhrif (e. impact) starfsemi þess í tengslum við umhverfis-, samfélags og starfsmannamál

66. gr. d. ÁRL

- ▶ Upplýsingagjöf um áhrif af starfsemi félagsins ætti að taka mið af lýsingu á viðskiptalíkani þess og þeim ófjárhagslegu lykilárangursvísnum sem þar hafa verið skilgreindir, eftir því sem við á.
- ▶ Mikilvægt er að umfjöllun sé bæði út frá sjónarhóli þess hvernig breytingar í ytra umhverfi hafa áhrif á starfsemi félagsins og um áhrif af starfsemi félagsins á umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál.
- ▶ Dæmi um þetta væri að félag í flugrekstri ætti annars vegar að fjalla um það hvernig breytingar á regluverki tengt kolefnislosun hefur áhrif á stöðu félagsins og framtíðarhorfur í rekstri og hins vegar að fjalla um kolefnisfótspor þess.
- ▶ Önnur dæmi um upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta áhrif má nefna upplýsingar um starfsemi félagsins í löndum þar sem hætta er á brotum á vinnulöggjöf, vinnuslysatíðni, kynjahlutföll o.s.frv.

5.4 Í yfirliti með skýrslu stjórnar skal lýsa megináhættu sem tengist umhverfis-, samfélags og starfsmannamálum.

Þar með talið skal, eftir því sem við á og í réttu hlutfalli, fjalla um viðskiptatengsl þess, vörur eða þjónustu, sem líkleg eru til að hafa skaðleg áhrif á þessum sviðum, og hvernig félagið tekst á við þá áhættu.

66. gr. d. ÁRL

5.5 Í yfirliti með skýrslu stjórnar skal veita hnitmiðaða lýsingu á viðskiptalíkani félagsins.

66. gr. d. ÁRL

- ▶ Hornsteinn upplýsingagjafar í skýrslu stjórnar er hnitmiðuð lýsing á viðskiptalíkani félagsins þar sem því er lýst hvað félagið gerir, hvernig og hvers vegna.
- ▶ Í lýsingunni skal gera grein fyrir því hver meginstarfsemi félags er, hvaða fjárhagslegu og ófjárhagslegu þáttum starfsemin byggir á og hvernig starfsemin skapar virði fyrir viðskiptavinum, hluthafa, starfsmenn og aðra haghafa. Lýsingin á viðskiptalíkani ætti að gefa yfirsýn yfir skipulag starfseminnar, markaði sem félagið starfar á, markmið þess og stefnur og eftir því sem við á megin árangursmælikvarða. Einnig ætti að veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta áhrif af starfsemi félagsins.

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra – Leiðbeiningar

- ▶ Í umfjöllun um viðskiptalíkan getur verið viðeigandi að fjalla um þróun þeirra ytri þátta sem líklegt er að hafi áhrif á félagið í bráð og lengd og um stöðu þeirrar atvinnugreinar sem félagið starfar í. Umfjöllunin þarf að vera skiljanleg og sannreynanleg, bæði hvað varðar umfjöllun um núverandi stöðu og vænta þróun.
- ▶ Hnitmiðuð lýsing á viðskiptalíkani félags í skýrslu stjórnar er mikilvæg til að setja fjárhagslegar og ófjárhagslegar upplýsingar félagsins í heildarsamhengi. Hún gerir notendur ársreikningsins betur í stakk búna til að meta áhrif þróunar ytri og innri þátta á stöðu félagsins, meta viðbrögð stjórnenda við þeirri þróun, skilja markmið verkefna sem ráðist hefur verið í og meta áhrif starfseminnar á umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál.

6. kafli

Önnur atriði sem upplýsa skal um í skýrslu stjórnar

Efni þessa kafla byggir á ákvæðum í 66. gr. a. og 66. gr. e.

- 6.1** Í skýrslu stjórnar félaga sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði skal birta nákvæmar upplýsingar um eftirtalin atriði:
1. uppbyggingu hlutafjár, þar á meðal hluti sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði, mismunandi hlutflokka og réttindi og skyldur tengdar þeim, sem og hlutfall þeirra af heildarhlutafé,
 2. allar takmarkanir á framsali hluta, t.d. takmarkanir varðandi hlutafjäreign einstakra aðila eða ef samþykki félagsins eða annarra hluthafa þarf fyrir framsali,
 3. verulega beina eða óbeina hlutafjäreign, þar á meðal óbeina eign í gegnum önnur félög eða gagnkvæma hlutafjäreign félaga,
 4. eigendur hluta með sérstök stjórnunarréttindi og lýsingu á þeim réttindum,
 5. helstu ákvæði kaupréttaráætlana starfsmanna,
 6. allar takmarkanir varðandi atkvæðisrétt, t.d. takmarkanir á atkvæðisrétti hluthafa sem eiga ákveðið hlutfall eða fjölda atkvæða, frest til að nýta atkvæðisrétt eða ef fjárhagsleg réttindi tengd hlutum eru ekki tengd eignarhaldi þeirra,
 7. alla samninga milli hluthafa sem félaginu er kunnugt um og geta haft í för með sér takmarkanir varðandi framsal og/eða atkvæðisrétt,
 8. reglur varðandi tilnefningar og endurnýjun stjórnarmanna og breytingar á samþykktum félags,
 9. sérstakar heimildir stjórnar, þar á meðal heimildir til að gefa út nýja hluti eða kaupa eigin hluti,
 10. samninga sem félagið er aðili að og taka gildi, breytast eða falla úr gildi ef breytingar verða á stjórnun eða yfirráðum í félagi í kjölfar yfirtökutilboðs og áhrif þess á félagið, nema um sé að ræða upplýsingar sem haft geta skaðleg áhrif á starfsemi félagsins eða hafa

óveruleg áhrif á starfsemi félagsins. Þær undantekningar eiga þó ekki við ef um er að ræða upplýsingar sem félagi er skylt að birta á grundvelli laga,

11. samninga félagsins við stjórnarmenn eða starfsmenn um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp eða ef þeim er sagt upp án gildrar ástæðu eða ef starfi þeirra lýkur vegna yfirtökutilboðs

Stjórn félags sem skráð hefur einn eða fleiri hlutabréfaflokk á skipulegum verðbréfamarkaði skal á aðalfundi hvert ár kynna þau atriði sem tiltekin eru hér að framan.

66. gr. a. ÁRL

- 6.2 Félög sem falla undir ákvæði 66. gr. e ÁRL skulu uppfylla ákvæði þeirrar lagagreinar en hún fjallar um félög með starfsemi í námuiðnaði eða við skógarhögg.

66. gr. e. ÁRL

7. kafli

Upplýsingar um stjórnarhætti og eftirlit

Efni þessa kafla um upplýsingagjöf um stjórnarhætti og eftirlit byggir á ákvæðum 66. gr. b og 66. gr. c. sem ná til stórra félaga, eininga tengdum almannahagsmunum og móðurfélaga stórra samstæðna.

7.1 Félög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan EES, EFTA eða í Færeyjum, einingar tengdar almannahagsmunum, stór félög og móðurfélög stórra samstæðna skulu árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar.

1. mgr. 66. gr. c ÁRL

7.2 Í yfirlýsingu um stjórnarhætti í skýrslu stjórnar skal að lágmarki koma fram tilvísanir í þær reglur sem og leiðbeiningar, handbækur og fleira um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum og upplýsingar um hvar slíkt er aðgengilegt almenningi. Víki félag frá reglum eða öðru skv. 1. máls. í heild eða að hluta skal greina frá því hver frávikin eru og ástæðu fráviksins.

1. tölul. 2. mgr. 66. gr. c ÁRL

- ▶ Sem dæmi eru til staðar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja á Íslandi sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Fyrsta útgáfa leiðbeininganna kom út árið 2004 og hafa þær verið endurskoðaðar með reglubundnum hætti frá þeim tíma.

7.3 Í yfirlýsingu um stjórnarhætti í skýrslu stjórnar skal vera lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringarkerfa félagsins í tengslum við reikningsskilaferlið.

Einnig skal gera grein fyrir þeim þáttum innra eftirlits og áhættustýringar sem liggja að baki viðbótarupplýsingagjöf sem telst í skilningi laga til skýrslu stjórnar.

2. tölul. 2. mgr. 66. gr. c ÁRL
10. gr. RGÁ

- ▶ Fjalla ætti um stjórnarhætti og það kerfi eftirlits sem innleitt hefur verið til að tryggja að upplýsingar í ársreikningi séu fullnægjandi, nái til mikilvægra þátta og séu settar fram með þeim hætti að þær séu sannreynanlegar og hlutlausar.
- ▶ Sérstaklega skal fjalla um hvernig gæði viðbótarupplýsinga í skýrslu stjórnar hafa verið tryggð. Gera skal grein fyrir helstu þáttum þess kerfis innra eftirlits og áhættustýringar og annarra þátta kerfis stjórnarháttá félagsins sem byggt er á í þessu sambandi.

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra – Leiðbeiningar

- ▶ Fjalla mætti um hvernig tryggt er að megináhætta og óvissuþættir sem starfsemin stendur frammi fyrir hafi verið greind. Í þessu sambandi ætti að upplýsa um það ef framkvæmt hefur verið sjálfsmat með þátttöku stjórnenda einstakra starfspáttá og starfseininga félagsins við mat á stöðu áhættu og eftirlits.
- ▶ Fjalla ætti því um það hvernig endurskoðunarnefnd hefur í störfum sínum staðið að því að tryggja virkni áhættustýringar í starfsemi félagsins og virkni þeirra innri eftirlitsferla sem tryggja eiga að megináhætta og mikilvægir óvissuþættir sem starfsemin stendur frammi fyrir hafi verið greind. Endurskoðunarnefnd hefur lögum samkvæmt sjálfstæðu hlutverki að gegna tengt gæðum upplýsinga í skýrslu stjórnar.
- ▶ Hafi innri endurskoðun félagsins eða ytri sérfræðiaðili staðfest gagnvart stjórn eða endurskoðunarnefnd félagsins gæði viðbótarupplýsinga félagsins eða virkni þeirra eftirlitsferla sem liggja að baki þeirra ætti það koma fram í yfirlýsingunni.

7.4 Lýsing á stefnunni um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn félagsins með tilliti til þátta á borð við aldur, kyn eða menntunarlegan og faglegan bakgrunn, markmið stefnunnar, hvernig henni er komið til framkvæmda og niðurstöður skýrslutímabilsins. Ef engri slíkri stefnu er fylgt skal ástæða þess tilgreind í skýrslunni.

4. tölul. 2. mgr. 66. gr. c ÁRL

7.5 Upplýsingar um móðurfélag skulu jafnframt birtar í skýrslu stjórnar með samstæðureikningi auk lýsingar á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringarkerfa samstæðunnar í tengslum við samningu samstæðureiknings.

3. mgr. 66. gr. c ÁRL

7.6 Í félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan EES, EFTA eða í Færeyjum, einingum tengdum almannahagsmunum, stórum félög og móðurfélögum stórra samstæðna skal hver og einn stjórnarmaður undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur nafn hans og verkvið innan stjórnar félagsins. Í yfirlýsingunni skal koma fram að samkvæmt bestu vitneskju stjórnarmanna sé ársreikningur saminn í samræmi við VIII. kafla laganna og gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Þá skal koma fram að skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Sama gildir þegar um samstæðureikning er að ræða sem móðurfélagið semur.

66. gr. b ÁRL

- ▶ Í þeim tilvikum þar sem að í skýrslu stjórnar er vísað til tiltekinna upplýsinga í árs- eða samfélagsskýrslu félagsins, sem veita skal í skýrslu stjórnar, þarf að huga að því hvernig staðið er að staðfestingu stjórnar á þessum upplýsingum.

Viðauki 1 – Skýringarmyndir

Skýringarmynd 1: Samhengi skýrslu stjórnar, samfélagsskýrslu og annarra upplýsinga

Skýringarmyndin er myndræn framsetning á ársreikningi með skýrslu stjórnar sem sýnir einnig tengsl skýrslu stjórnar við upplýsingar sem liggja utan ársreiknings viðkomandi félags.




- ▶ Leggja ber áherslu á að fjalla um mikilvæg atriði í skýrslu stjórnar.
- ▶ Huga skal vel að heildarsamhengi upplýsinga sem veita skal og veittar eru í skýrslu stjórnar.
- ▶ Kröfur ársreikningatilskipunar ESB ná bæði til upplýsinga í ársreikningi án skýrslu stjórnar (e. financial statements) og skýrslu stjórnar (e. management report).
- ▶ Upplýsingum í skýrslu stjórnar er ætlað að styðja við þá glöggu mynd sem ársreikningurinn skal gefa. Í tilviki meðalstórra og stórra félaga skal þar einnig veita glögg yfirlit yfir m.a. árangur, stöðu, þróun og óvissuþætti sbr. ákvæði 66. og 66. gr. d. ÁRL
- ▶ Upplýsingar sem veittar eru í árs- og samfélagsskýrslum koma ekki í stað upplýsinga sem fjalla skal um og staðfesta í skýrslu stjórnar í ársreikningi.
- ▶ Til að tryggja að skýrslu stjórnar gefi glögg yfirlit yfir þá þætti sem fjalla skal um getur verið viðeigandi að vísa til nánar tilgreindra upplýsinga stjórnenda sem finna má í árs- og samfélagsskýrslum félagsins.
- ▶ Sé sú leið farin skal stjórn staðfesta viðkomandi upplýsingar með skýrri tilvísun til þeirra tilteknu upplýsinga sem staðfesting nær til. Viðkomandi upplýsingar teljast þá hluti skýrslu stjórnar.

Viðauki 1 – Skýringarmyndir; frh.

Skýringarmynd 2: Viðbótarupplýsingar sem gefa skulu glögg yfirlit

Upplýsingar sem gefa skulu glögg yfirlit yfir árangur, þróun, stöðu og lýsa megináhættu, óvissu, viðskiptalíkani og áhrifum af starfsemi félagsins eru upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir fjármagnsveitendur og aðra haghafa til að nýta í greiningum og ákvörðunum sínum. Hér er yfirlit um helstu atriði sem fjalla skal um í tengslum við þessa upplýsingagjöf sem tekið er á í ákvæðum 66 gr. og 66 gr. d. ÁRL.



Viðauki 2 - Skýringar á hugtökum og skilgreiningar

Ábyrgðaraðilar stjórnarháttar (e. Those Charged with Governance): Aðilar sem bera ábyrgð á stjórnarháttum félags og sem, m.a. með hliðsjón af umboðsskyldu, ber að tryggja gæði þeirra upplýsinga sem veittar eru í ársreikningi. Stjórn og framkvæmdastjóri félags bera þessa ábyrgð en endurskoðunarnefnd hefur lögum samkvæmt einnig sjálfstæðu hlutverki hér að gegna.

Árangursvísar (e. Performance Indicators): Upplýsingar sem settar eru fram til að varpa ljósi á árangur af starfsemi félags og stöðu þess. Upplýsingar þessar geta verið í formi lykilmælikvarða eða umfjöllunar t.d. um stöðu einstakra umbótaverkefna og framgang þeirra.

Ársreikningaskrá: Skrá sem starfrækt er í því skyni að taka á móti, varðveita og veita aðgang að skilaskyldum gögnum ásamt því að hafa eftirlit með ársreikningum hér á landi. Eftirlitshlutverk ársreikningaskrár er skilgreint í 117. gr. ÁRL.

Endurskoðunarnefnd (e. Audit Committee): Nefnd sem stjórn félags hefur skipað í samræmi við ákvæði 108. gr. a. ÁRL. Endurskoðunarnefnd skal m.a. hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðunar og áhættustýringar. Í lögum kemur fram að ábyrgð endurskoðunarnefndar sé óháð ábyrgð annarra aðila.

Félög með skráð verðbréf á markaði: Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Fjölvirðisnálgun (e. Multi Capital Approach): Fjölvirðisnálgun er framsetning á stöðu félags og árangri af starfsemi þess með áherslu á þróun og stöðu þeirra ólíku virðisþátta (auðlinda) sem starfsemi fyrirtækja byggir almennt á.

Frásagnarform (e. Narrative Reporting): Upplýsingar sem veittar eru í formi frásagnar með áherslu á meginatriði þess sem fjallað er um.

Glögg mynd (e. True and Fair View): Glögg mynd ársreiknings er skilgreind í lögum um ársreikninga sem áreiðanleg framsetning á áhrifum viðskipta, öðrum atburðum og skilyrðum í samræmi við skilgreiningar og reglur um skráningu eigna, skulda, tekna og gjalda eins og kveðið er á um í lögum um ársreikninga, reglugerðum og settum reikningsskilareglum.

Glögg yfirlit (e. Fair Review): Glögg yfirlit yfir árangur í skýrslu stjórnar felur í sér að fjallað er um mikilvægar vísbendingar um fjárhagslegan og ófjárhagslegan árangur auk þess sem fjalla ætti um þróun og stöðu þeirra þátta sem tengjast hæfi félagsins til að skapa virðisauka í bráð og lengd, sem og lýsingu á megináhættu og óvissuþáttum. Upplýsingarnar ættu allt í senn að vera skiljanlegar, sannreynanlegar og settar fram með hlutlausum hætti með áherslu á umfjöllun um mikilvæg atriði.

Grunngreining (e. Fundamental Analysis): Aðferðafræði við virðismat fyrirtækja sem byggir á því að greina afkomu félags og stöðu. Grunngreiningar byggja almennt á fjölvirðisnálgun. Viðbótarupplýsingar í skýrslu stjórnar um árangur, áhættu og óvissuþætti eru mikilvægar upplýsingar að byggja á við framkvæmd grunngreiningar.

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra – Leiðbeiningar

Innri endurskoðun (e. Internal Audit): Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna og stuðlar þannig að því að fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök nái markmiðum sínum. Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka.

Heildarsamhengi upplýsinga (e. Information Connectivity): Upplýsingar í skýrslu stjórnar eru settar fram út frá heildarsamhengi ef framsetning þeirra er með rökrænni uppbyggingu (e. logical structure), upplýsingagjöfin er innbyrðis tengd saman með tilvísunum (e. cross reference) og í upplýsingagjöfinni er að finna heildaryfirsýn yfir meginþætti þess sem fjallað er um (e. navigation guidelines).

Hnitmiðaðar upplýsingar (e. Concise Information): Upplýsingar sem með skýrum hætti veita lesanda góða innsýn í það sem um er fjallað.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja: Leiðbeiningar gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningunum er ætlað að nýtast sem verkfæri stjórnanna og stjórnenda til að mæta þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

Lög um ársreikninga: Lög nr. 3/2006 um ársreikninga með síðari breytingum. Í lögnum eru m.a. innleidd ákvæði tilskipunar ESB um ársreikninga og tengdar skýrslur og tiltekin ákvæði tilskipunar ESB um gagnsæi félaga með skráð verðbréf á markaði.

Lykilmælikvarðar (e. Key Performance Indicators - KPIs): Upplýsingar sem settar eru fram til að varpa ljósi á árangur af starfsemi félags og stöðu þess. Upplýsingar þessar geta verið í formi lykiltalna (kennitalna) úr reikningsskilum félagsins, viðbótar árangursmælikvarða (e. Alternative Performance Measures - APMs), eða árangurstengdra lykilmælikvarða fyrir viðkomandi atvinnugrein (e. Sector-specific KPI).

Megináhætta (e. Principal Risk): Áhættuþættir sem einir og sér eða til samans geta haft veruleg áhrif á starfsemi félagsins, ógnaði orðspori eða viðskiptalíkani þess, gjaldhæfi eða möguleikum til fjármögnunar.

Mikilvægar upplýsingar (e. Material Information): Upplýsingar í ársreikningi teljast vera mikilvægar ef þær geta haft áhrif á ákvarðanir notenda ársreiknings ef þeim er sleppt eða þær rangar. Við framsetningu á viðbótarupplýsingum í skýrslu stjórnar skal leggja áherslu á að veita upplýsingar sem teljast mikilvægar upplýsingar út frá þessari skilgreiningu og forðast að fjalla í löngu máli um önnur atriði sem varðað geta notanda ársreiknings en eru ekki mikilvægar upplýsingar út frá þessari skilgreiningu.

Ófjárhagslegar upplýsingar (e. Non-Financial Information): Ófjárhagslegar upplýsingar geta varðað mannauð og sérfræðipækkingu félags, óefnislegar eignir og innviði sem starfsemin byggir á, stöðu félagsins í samkeppnisumhverfi, upplýsingar um áhrif starfseminnar á náttúru, samfélagsþætti og upplýsingar um stefnu félagsins á þessum sviðum. Ófjárhagslegar upplýsingar eru upplýsingar um þætti sem áhrif geta haft á hæfi félagsins til virðissköpunar í skemmri og lengri tíma eða sem varða hagsmuni haghafa félags eða samfélagið í heild í víðara samhengi.

Reglugerð um framsetningu ársreiknings: Reglugerð 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðuársreikninga.

Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra – Leiðbeiningar

Sannreynanlegar upplýsingar (e. Verifiable Information): Í reglu reikningsskilaráðs nr. 1 um grundvöll reikningsskila kemur fram að fyrir lesendur reikningsskila varði það miklu að þeir megi treysta því að upplýsingar í reikningsskilunum séu áreiðanlegar. Í því felst m.a. að þær verða að vera sannreynanlegar. Upplýsingar teljast sannreynanlegar ef sambærileg niðurstaða fengist þótt tveir eða fleiri aðilar fengjust við að vinna úr sömu upplýsingum. Þessi krafa um eiginleika upplýsinga í reikningsskilum felur einnig í sér að upplýsingarnar verða að vera hlutlausar, en það táknar að semjandi hefur ekki beitt áhrifum sínum til að ná fyrirfram ákveðinni niðurstöðu eða til að kalla fram tiltekin viðbrögð af hálfu lesenda reikningsskila.

Samfélagsskýrsla: Skýrsla sem telst til annarra upplýsinga utan ársreiknings þar sem fjallað er um áhrif starfsemi félagsins á umhverfi og samfélag og hvernig áhersla á samfélagsábyrgð og umhverfismál skili viðkomandi félagi og samfélaginu auknum ávinningi.

Settar reikningsskilareglur: Reglur sem reikningsskilaráð gefur út á grundvelli 119. gr. laga um ársreikninga og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Sjálfsmat á stöðu áhættu og eftirlits (e. Risk and Control Self Assessment): Formleg aðferðafræði við að greina megináhættu og óvissuþætti sem starfsemin stendur frammi fyrir, sem byggir á að virkja yfirsýn, innsýn og ábyrgð einstakra stjórnenda.

Skiljanlegar upplýsingar (e. Understandable Information): Í reglu reikningsskilaráðs nr. 1 um grundvöll reikningsskila kemur fram að upplýsingar í reikningsskilum verði að vera skiljanlegar til þess að þær komi að gagni við ákvörðun aðila um málefni þeirrar rekstrareiningar sem reikningsskilin taka til. Merking orðsins skiljanlegur í þessu samhengi takmarkast ekki aðeins við lýsingu á þeim kröfum sem gera verður til upplýsinga í reikningsskilum heldur verður einnig að hafa hliðsjón af þeim aðila sem þarf að taka ákvörðun um málefni fyrirtækis. Við gerð reikningsskila er almennt gert ráð fyrir að notendur þeirra hafi nokkra þekkingu á viðskiptum og því rekstrarumhverfi sem fyrirtæki starfar í. Mat semjanda á þekkingu lesenda á reikningsskilum má hins vegar ekki verða til þess að upplýsingum um flókin málefni sé sleppt, komi þær að gagni. Forsenda um þekkingu lesenda á auk þess síður við hjá félögum með skráð verðbréf á markaði sem er opin fyrir fjárfestingar almennings.

Skýrsla stjórnar (e. Management Report): Skýrsla sem sett er fram í samræmi við ákvæði VI. kafla laga um ársreikninga og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 696/2019.

Umboðsskylda (e. Fiduciary Duty): Hugtak sem varðar skyldu einstaklings eða stofnunar, þ.m.t. stjórnar félags, sem fer með ákvörðunarvald fyrir hönd umboðanda síns við aðstæður sem byggja á réttmætum væntingum um trúnað og traust. Umboðsskylda samanstendur af tveimur meginhugtökum. Annars vegar hollustuskylda og hins vegar aðgæsluskylda. Hið síðarnefnda felur í sér skynsemisreglu, þ.e. að sá sem fer með umboð annars starfi með aðgát, af kunnáttu og kostgæfni og að hann byggi í því sambandi ákvarðanir sínar á reglu hins grandvara manns (e. Prudent person principle).

Viðbótar árangursmælikvarðar (e. Alternative Performance Measures - APMs): Mælikvarðar á árangur af starfsemi félags, aðrir en þeir sem koma fram í framsetningu reikningsskila samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og settra reikningsskilareglna.

Viðskiptalíkan (e. Business Model): Framsetning á starfsemi félagsins þar sem áhersla er lögð á að skýra hvernig starfsemi þess skapar virði fyrir viðskiptavini og hagsauka fyrir aðra haghafa og lýsa skipulagi starfseminnar með hliðsjón af þeim virðisþáttum sem starfsemin byggir á. Viðskiptalíkan setur upplýsingar í skýrslu stjórnar í samhengi.